

FAUST SPÍLAR STRAVINSKÍJ

Pietari Inkinen, hljómsveitarstjóri
Isabelle Faust, einleikari



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2010/11



AÐALSTYRK TARADILAR

BORGUN



Morgunbladid

Tónleikar í Háskólabíói fimmtudaginn 23. september 2010 kl. 19.30

Pietari Inkinen, hljómsveitarstjóri
Isabelle Faust, einleikari

FAUST SPILAR STRAVINSKÍJ

Maurice Ravel

Le tombeau de Couperin (1914/1919)

Prélude. Vif
Forlane. Allegretto
Menuet. Allegro moderato
Rigaudon. Assez vif

Ígor Stravinskíj

Konsert í D-dúr fyrir fiðlu og hljómsveit (1931)

Toccata
Aria I
Aria II
Capriccio

Hlé

Antonín Dvorák

Sinfónía nr. 7 í d-moll, op. 70 (1884–85)

Allegro maestoso
Poco adagio
Vivace – Poco meno mosso
Allegro



Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1
og síðan aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum
á meðan tónleikum stendur.



Finnski hljómsveitarstjórinn Pietari Inkinen var skipaður aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Nýja Sjálands árið 2008. Hann hefur hlotið einróma lof fyrir tónleikaferðir sínar með hljómsveitinni, sem og fyrir hljóðritanir þeirra hjá Naxos-forlaginu. Í nóvember 2010 heldur hann með sveitina í tónleikaferð um Evrópu þar sem meðal annars verður leikið í Vínarborg, Luzern, Genf, Frankfurt og Hamborg ásamt bandarísku fiðlustjórnum Hilarý Hahn.

Inkinen hefur komið fram sem gestastjórnandi með fjölmörgum hljómsveitum: Dresden Staatskapelle, Gewandhaus í Leipzig, Útvarpshljómsveitinni í Bæjaralandi, La Scala í Mílanó, Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins, Sinfóníuhljómsveitinni í Birmingham, og þannig mætti lengi telja. Hann hefur starfað með heimspektum einleikurum á borð við Vadim Repin, Jean-Yves Thibaudet, Pinchas Zukerman og Nikolaj Znaider, og hlaut nýverið mikið lof í tímaritinu *Gramophone* fyrir hljóðritun sína á tónverkum eftir Sibelius. Hann mun þreyta frumraun sína við Þjóðaróperuna í Berlín árið 2012, þar sem *Evgéní Onégín* verður á efnisskránni.

Inkinen er sjálfur hámenntaður fiðluleikari og nam hjá Zakhar Bron við tónlistarháskólann í Köln. Hann hefur komið fram sem einleikari með mörgum helstu hljómsveitum Finnlands og lék fiðlukonsert Sibelíusar með Fílharmoníuhljómsveitinni í Helsinki þegar þess var minnst að öld var liðin frá því að hljómsveitin flutti verkið í fyrsta sinn. Inkinen hefur nú dregið sig í hlé sem einleikari en leikur enn kammertónlist og hefur meðal annars komið fram með Inkinen-tríóinu á tónleikum í Wigmore Hall og St. John's Smith Square í Lundúnum.

Franski hljómsveitarstjórinn Yan Pascal Tortelier þurfti því miður að aflýsa komu sinni til Íslands með skömmum fyrirvara, en vonir standa til þess að hann stjórni hér á landi áður en langt um liður.



Isabelle Faust er einn eftirtektarverðasti fiðluleikari nútímans og hljómdiskar hennar hjá Harmonia Mundi hafa sópað til sín viðurkenningum síðustu árin. Í fyrra kom hún meðal annars fram með Berlínar-fílharmóníunni og á Proms-hátíðinni í Lundúnum, auk þess sem *Gramophone* valdi hljóðritun hennar á partítum Bachs disk mánaðarins nú nýverið.

Faust hreppti fyrstu verðlaun í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, þar sem ungur íslenskur fiðluleikari að nafni Sigrún Eðvaldsdóttir lenti í öðru sæti.

Faust endurtók leikinn í Paganini-keppninni 1993 og í kjölfarið fór ferill hennar á flug. Hún hefur flutt mikið af nútímatónlist, m.a. eftir Ligeti, Feldman og Nono, auk þess sem hún hefur kynnt sér flutningsmáta barokktímans eins og glöggst heyrast í túlkun hennar á Bach og Beethoven. Meðal hljómsveitarstjóra sem Faust hefur starfað með má nefna Claudio Abbado, Giovanni Antonini (sem mun einmitt stjórna SÍ á tónleikum í nóvember), Jiri Belohlávek og Mariss Jansons.


Faust leikur á svonefndan Þyrnirósar-Stradivarius frá árinu 1704, sem þykir ein besta fiðla ítalska meistarans. Hún er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2010–11 og mun leika aftur með hljómsveitinni 24. febrúar á næsta ári.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Tombeau de Couperin hefur hljómað fjórum sinnum á tónleikum SÍ, síðast árið 1995 undir stjórn Keri-Lynn Wilson. Áður höfðu stjórnað flutningi Jindrich Rohan (1961), Páll P. Pálsson (1967) og Jean-Pierre Jacquillat (1980). Sinfóníuhljómsveit Norðurlands lék verkið árið 1996, auk þess sem píanó-gerðin hljómar af og til á tónleikum. Einnig lék Blásarakvintett Reykjavíkur útsetningu af verkinu árið 1986.

MAURICE RAVEL

Le tombeau de Couperin



Þegar fyrri heimsstyrjöldin skall á sumarið 1914 vildi Maurice Ravel (1875–1937) ólmur komast á víglínuna og berjast fyrir fósturjörðina. Ekki voru læknar franska hersins á því að hleypa Ravel í gegn. Hann var óvenju lágvaxinn, ekki nema um 1.60cm á hæð, og vantaði tvö kíló upp á að ná þeirri líkamsþyngd sem krafist var af liðsmönnum franska hersins. Þó leið ekki á löngu þar til þörf var fyrir krafta hans, raunar á nokkuð annan hátt. Vorið 1915 var Ravel ráðinn til að aka sjúkrabíl fyrir 13. herdeildina, og hann skildi eftir kynstrin öll af óloknum skissum á heimili sínu. Þeirra á meðal voru hugmyndir að píanósvítu sem höfðu fæðst árinu áður,

en sem hann lauk ekki við fyrir en árið 1917. Þá andaðist móðir hans, en þau höfðu verið afar nán og andlát hennar var Ravel mikið áfall. Ekki leið á löngu þar til hann var leystur frá störfum vegna heilsubreysts, og tók þá þegar til við að fullgera svítuna sem varð síðasta einleiksverk hans fyrir píanó.

Atburðir stríðsins höfðu sett mark sitt á Ravel, einnig í tónsmíðunum. Svítan átti að vera hylling til barokkmeistarans François Couperin, sem lagði stóran skerf til hljómborðstónlistar 18. aldarinnar. Nú varð verkið öðrum þræði minning um hörmungarnar; Ravel tileinkaði hvern kafla minningu nafngreindra vina sinna sem höfðu týnt lífi í heimsstyrjöldinni. Svítan er í sex þáttum í upphaflegri gerð, en skömmu eftir frumflutninginn útsetti tónskáldið fjóra kafla hennar fyrir hljómsveit og voru þeir frumfluttir í París árið 1920.

Ravel var flestum öðrum fremri þegar kom að því að útsetja fyrir hljómsveit; blæbrigði hvers hljóðfæris léku í höndum hans eins og útsetning hans á *Myndum á sýningu* eftir Músorgskj ber með sér, svo ekki sé minnst á hið viðfræga *Bolero*. Í *Tombeau de Couperin* er skýrleikinn í fyrirrúmi og jafnvægi fullkomið milli ólíkra radda; Ravel lætur sér nægja fremur litla hljómsveit þar sem strengir og einleiksblásarar eru í forgrunni. Að forleiknum loknum taka við þrír barokkdansar. Annar kaflinn er *forlane*, dans frá Norður-Ítalíu sem sagt er að hafi verið vinsæll meðal gondólaræðara í Feneyjum. Í menúettinum fær óbúið einleikshlutverk, og sama gildir raunar um prelúdiuna. Lokapátturinn, *rigaudon*, byggir á gömlum dansi frá Provence sem stundum skýtur upp kollinum í verkum Rameaus og Bachs, og sem Edvard Grieg hafði raunar einnig notað í *Holberg*-svítu sinni.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það vekur væntanlega furðu margna að jafn meistaraleg tónsmíð og fiðlukonsert Stravinskíjs skuli aðeins hafa hljómað tvisvar áður á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, í flutningi Guðnýjar Guðmundsdóttur árið 1976 og Katarínu Óladóttur árið 1989.

ÍGOR STRAVINSKÍJ

Fiðlukonsert



Ýmsir hafa brotið heilann um hvað olli því að fjórði áratugur 20. aldarinnar var einhver mesta gósentíð tónlistarsögunnar hvað fiðlukonserta snertir. Barber, Bartók, Berg, Britten, Prokofíev, Schönberg, Stravinskíj og Walton sömdu allri meistaralega konserta fyrir fiðlu á þessum áratug og eru þá aðeins helstu meistarar meðtaldir. Hvatinn að fiðlukonserti Ígors Stravinskíj (1882–1971) kom frá Willy Strecker, starfsmanni Schott-forlagsins sem hafði séð um útgáfu flestra tónsmíða Stravinskíjs allt frá *Petrúsku*. Tónskáldið tók dræmt í hugmyndina í fyrstu; hann hafði lítinn áhuga á að semja virtúósaverk og efaðist um að þekking sín á

hljóðfærinu nægði til að semja nægilega áhrifamikla tónsmíð.

Strecker tókst þó að lokum að sannfæra Stravinskíj um að hann gæti sótt hvatningu og heilræði til pólsk-ættaða fiðluleikarans Samuels Dushkin. Þannig varð til enn eitt vænlegt samstarf fiðluleikara og tónskálds, rétt eins og þegar Ferdinand David og Joseph Joachim aðstoðuðu við að koma í heiminn konsertum Mendelssohns og Brahms. Samstarf þeirra gekk vonum framar, og Dushkin lýsti aðferðum þeirra svo:

„Hann kom til mín með hléum og sýndi mér það sem hann hafði nýlega samið, stundum eina blaðsíðu, stundum aðeins örfáar hendingar, stundum hálfan kafla. Síðan stakk ég upp á því sem mér þótti mega betur fara.“

Eftirminnilegasta atvikið var þegar þeir sátu á veitingastað í París og tónskáldið hripaði hljóm nokkurn á servíettu.

„Ég hafði aldrei séð hljóm sem notaði svo feiknastórt tónsvið, frá E til háa A hálfri annarri áttund hærra, svo ég sagði umsvifalaust „Nei.“ Stravinskíj svaraði dapur í bragði: „Quel dommage.“ Þegar ég kom heim reyndi ég að spila hljóminn, og viti menn, nú kom í ljós að á þessu tiltekna tónsviði var stóra tónbilið fremur auðvelt í framkvæmd, og hljómur þess hreif mig. Ég hringdi þegar í stað í Stravinskíj og tjáði honum að þetta væri hægt eftir allt saman. Þegar ég sá konsertinn fullgerðan, rúmu hálfu ári síðar, skildi ég loks til fulls vonbrigði tónskáldsins þegar ég svaraði neitandi. Þessi hljómur, í ólíkum gerðum, er útgangspunkturinn fyrir alla fjóra þætti verksins. Stravinskíj kallaði þennan hljóm „vegabréfið“ að konsertinum.“

Konsertinn var frumfluttur í Berlín í október 1931 með Dushkin á fiðluna og

Stravinskíj við stjórnvölinn. Þetta markaði upphafið á löngu og farsælu samstarfi þeirra; tónskáldið samdi síðar *Duo Concertant* fyrir Dushkin og lék með honum á píanó í fjölmörgum tónleikaferðum.

Konsertinn er í fjórum þáttum sem hver um sig ber yfirskrift sem tíðkaðist á barokk-tímanum; nafngiftirnar er til dæmis allar að finna í hljómborðspartítum Bachs nr. 2, 4 og 6. Aría II er hægi þáttur konsertsins, eins konar nútímaútgáfa af skreyttum Adagio-þætti hjá Bach, og hér koma lagrænar gáfur höfundarins skýrt fram. Þó er tónlist Stravinskíjs óravegu frá því að vera í eftirhermustíl. Hann býtar niður hendingar og raðar saman aftur á nýstárlegan hátt, útkoman er skýr og snaggaraleg, tónlistin hlutlæg og laus við óþarfa viðkvæmni, sniðuglega samansett, áhrifamikil, og – hvað sem leið mótbárum höfundarins – feykilega virtúósísk. Þó er hlutverk einleikarans gjörólíkt því sem oftast tíðkast. Í stað þess að láta skiptast á tilþrifamiklar kadensur og löng hlé hefur einleikarinn nóg að starfa allt frá fyrsta takti til hins síðasta, og Stravinskíj leikur sér að því að nýta á sem fjölbreyttastan hátt líflegt samspil fiðlu og hljómsveitar.

ANTONÍN DVORÁK

Sinfónía nr. 7



Þótt tékkneska tónskáldið Antonín Dvořák (1841–1904) væri mikill áhugamaður um þjóðlega tónlist heimalands síns stóð hann með báða fætur í þýskri sinfóníu- og sönötuhefð. Lærifaðir hans í þeim efnum var Johannes Brahms, og það er ekki síst í sinfóníum Dvořáks sem skuld hans við eldri meistarann er ljós. Sinfóníurnar voru raunar lengi vel fremur lítt kunnar utan Tékklands. Einungis sú níunda, *Frá nýja heiminum*, var fastur gestur á tónleikaskrám heimsins allt fram á miðja 20. öld þegar stjórnnendur á borð við Bruno Walter tóku hinar fyrri upp á arma sína. Ekki hafði afgerandi umsögn breska gagnrýnandans

Donalds Francis Tovey síður sitt að segja, en hann ritaði í bók sem kom út árið 1935: „Ég hika ekki við að nefna sjöundu sinfóníu Dvořáks, ásamt C-dúr sinfóníu Schuberts og fjórum sinfóníum Brahms, sem meðal stórfenglegustu og tærustu verkanna í þessu listformi allt frá dögum Beethovens.“

Sjöunda sínfónía Dvoráks hljómaði síðast í Háskólabíói árið 1995 undir stjórn Takuo Yuasa. Áður höfðu m.a. stjórnað verkinu með Sínfóníuhljómsveit Íslands þeir Proinnsias O'Duinn (1964), Gilbert Levine (1981) og Petri Sakari (1991). Sí hefur alls flutt verkið 11 sinnum á tónleikum, síðast á Blönduósi í maí 1998.

Sínfónían nr. 7 á rætur að rekja til velgengni Dvoráks meðal enskra áheyranda. Kórverk hans, *Stabat mater*, hafði verið flutt við mikinn fögnuð í Lundúnum árið 1883, og Konunglega filharmóníufélagið bauð tónskáldinu til að stjórna tónleikum í borginni ári síðar. Þetta var í fyrsta sinn sem Dvorák steig á stjórnandapall utan heimalands síns og hann hafði tæpast upplifað slíkar viðtökur fyrr. Sjötta sínfónía hans hlaut sérlega mikið og þétt lófatak og því var honum boðið að semja nýja sínfóníu fyrir félagið, sem varð sú sjöunda. Þetta var mikil viðurkenning fyrir tónskáldið sem nú var heldur en ekki kominn í sögufrægan félagsskap. Sex áratugum áður hafði Fílharmóníufélagið pantað sínfóníu af ekki minni spámanni en Ludwig van Beethoven – þá niundu.

Dvorák lagði allan metnað sinn í að nýja verkið mætti heppnast sem best. Í desember 1884 ritaði hann kunningja sínum, Antonín Rus: „Ný sínfónía fyrir London á huga minn allan, og hvert sem ég fer hugsa ég ekki um neitt nema þetta verk mitt, sem verður að geta hrært í hugum heimsins. Megi Guð gefa mér að svo verði.“ Það var fleira sem kveikti í huga Dvoráks þennan vetur. Þriðja sínfónía Brahms hafði nýlega verið frumflutt og hann ferðaðist til Berlínar til að heyra hana með eigin eyrum. Brahms veitti honum hvatningu og stakk því að honum að nýja sínfónían ætti helst að vera gjörólík þeirri sjöttu.

Varla hefur Brahms orðið fyrir vonbrigðum. Í sjöttu sínfóníunni er glöðværðin í fyrirrúmi en hér hefur Dvorák leikinn með dökku og íbyggilegu stefi. Tóntegundina hefur hann heldur ekki valið af handahófi, því að d-moll á sér langa sögu sem tóntegund skugga, myrkurs og óvæntra atburða: þar nægir að nefna d-moll píanókonsert Mozarts og *Don Giovanni*, níundu sínfóníur Beethovens og Bruckners, sem og fyrsta píanókonsert Brahms. En smám saman lítur einnig dagsins ljós bjartara stef í B-dúr, sem minnir á sellósteifið úr hinum glænýja píanókonserti Brahms nr. 2, sem Dvorák hafði auðvitað kynnt sér fyrstur manna.

Adagio-þátturinn er einn sá fegursti, og um leið sá persónulegasti, sem Dvorák festi á blað. Í scherzo-kaflanum eru léttir rytmaleikir í forgrunni – fiðlur og lágfíðlur leika í þremur á móti tveimur í sellóum og fagottum. Í lokapættinum dregur Dvorák saman ólíka þræði verksins. Eftir langa dvöl í húmi og skuggum leysist tónlistin upp í bjartan D-dúr á lokasprettinum og hljómsveitin tekur öll undir með þrumandi raust.

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM 23. SEPTEMBER 2010

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Sif Tulinius
Andrzej Kleina
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Martin Frewer

2. fiðla

Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Margrét Þorsteinsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Mark Reedman
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Vióla

Helga Þórarinsdóttir
Þórunn Ósk Marinósdóttir
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley

Selló

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson

Lovisa Fjeldsted
Hrafnkell Orri Egilsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir

Bassi

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Halfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarinett

Rúnar Óskarsson
Ármann Helgason
Sigurður I. Snorrason

Fagott

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Brjánn Ingason

Horn

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

Trompet

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Oddur Björnsson
Jessica Buzbee
Sigurður Þorbergsson, bassabásúna

Túba

Tim Buzbee

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Árni Áskelsson

samstarfsaðilar



LITRÓF-HAGPRENT

EXTON
LIÓS / HLJÓÐ / MYND



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Vertu þinn eigin listræni stjórnandi

REGNBOGAKORTIÐ

Veldu 4 tónleika eða fleiri af efnisskrá
starfsársins og tryggðu þér afslátt
og fast sæti. Kynntu þér fjölbreytta
efnisskrá á www.sinfonia.is



JÓNSSON & LEMMINGS • HJÚS • SÍA

AÐALSTYRKARTAÐILAR

BORGUN



Morgunblaðið

Porgy and Bess

Stórvirki Gershwin-bræðra



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

PORGY AND BESS®

Fim. 07.10.10 » 19:30
Fös. 08.10.10 » 19:30

• **George og Ira Gershwin, DuBose og Dorothy Heyward:** *Porgy and Bess*®

Wayne Marshall hljómsveitarstjóri

Rodney Clarke Porgy

Indira Mahajan Bess

Angela Renée Simpson Serena/Maria

Ronald Samm Sportin Life

Hljómeyki/ Kór Áskirkju

Magnús Ragnarsson kórstjóri

Lögin úr Porgy and Bess eru löngu orðin ódaðuleg; Summertime, I got plenty o' nuttin', Bess, You is my woman now, It ain't necessarily so. Stórvirki í flutningi Sinfóníunnar og fjögurra erlendra úrvalssöngvara.

Miðasala á www.sinfonia.is og 545 2500

ADALSTYRKJARADILAR

BORGUN



Morgunblaðið

„Lífið er eins og djass ...
það er best að impróvísera.“

George Gershwin

